

Titill: Söngleikir

Skammstöfun: LEIK3CM05

Námsgrein: Leiklist

Viðfangsefni: Söngleikir

Prep: 3

Einingafjöldi: 5

Forkröfur: 10 einingar í leiklist

Áfangalýsing:

Nemendur kynnast sögu söngleikja, frá upphafi til okkar tíma. Lögð verður áhersla á nöfn frægustu söngleikjaskálda 20. aldarinnar og nokkrir af frægustu söngleikjum sögunnar kynntir. Nemendur velja sér fimm mismunandi lög sem henta eigin rödd og persónu og æfa. Eitt lag er æft sérstaklega og flutt fullunnið á söngkynningu á miðri önninni. Nemendur, í samstarfi við kennara áfangans, semja söngleik sem inniheldur lög sem þeir æfa. Söngleikurinn verður sýndur í lok annar.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- sögu söngleikja í grófum dráttum; upphafi þeirra til okkar tíma
- höfuðsöngleikjaskáldum 20. aldarinnar
- nokkrum af frægustu söngleikjum 20. aldarinnar
- líffræði raddarinnar
- eigin rödd og getu hennar

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- beita grunnsöngtækni við flutning á lagi
- meta eigin rödd, styrkleika og veikleika
- túlka tilfinningu í sungnum texta
- vinna lag frá grunni þar til það er hæft til flutnings fyrir áhorfendur
- búa til leiksýningu í kringum lög
- vinna með öðrum að gerð leiksýningar frá grunni
- búa til söngmöppu sem henta rödd og atgervi

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- geta sagt frá tímabili í söngleikjasögunni sem metið er út frá fyrirlestri
- getað tileinkað sér grunntækni í söng sem metið er með flutningi lags
- geta metið getu eigin raddar sem metið eru út frá ígrundunarbók
- geta valið lög sem henta eigin söngrodd og persónu sem metið er út frá söngmöppu og flutningi lags
- getað samtvinnað söngtækni og notkun tilfinning í söng sem metið er með flutningi lags
- túlkað tilfinningu í texta í gegnum söng sem er metið með flutningi lags og frammistöðu í lokasýningu

Námsmat

Símat er á vinnubrögðum nemenda í hverjum tíma. Verkefnaskil og vinna í tímum eru metin til lokaeinkunnar ásamt mætingu og ástundun.